

# Ársskýrsla 2022

## Sorphirða í Árborg

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

# Efnisyfirlit


Almennar upplýsingar um verk, mannskap og tæki ........ 3

Eknir km við söfnun og flutning til móttökustöðvar ........ 4

Magntölur ........ 4

Heimili ........ 4

Stofnanir ........ 6

Grenndargámar ........ 6

Heildartölur fyrir safnaðan og fluttan úrgang ........ 6

Samantekt á innheimtum kostnaði ........ 7

Yfirlit yfir kvartanir eða ábendingar ........ 8

Yfirlit yfir öryggismál ........ 8

Yfirlit yfir árangur í gæða- og umhverfismálum í verki ........ 8

Athugasemdir verktaka ........ 8

Viðauki I ........ 10

Viðauki II ........ 11

Viðauki III ........ 14

Viðauki VI ........ 16

## Almennar upplýsingar um verk, mannskap og tæki

Íslenska gámafélagið (ÍGF) sinnir sorphirðu við heimili og stofnanir Árborgar, ásamt þjónustu við grenndargáma og gámastöð. Einnig sér fyrirtækið um losun úrgangsins og skilar honum í viðeigandi ferli.

Öllum íbúum Árborgar er gefinn kostur á að flokka úrgang á heimilinu. Við hvert heimili eru þrjár tunnur fyrir mismunandi úrgangsflokka. Brúntunnan er fyrir lífrænan eldhúsúrgang, Blátunnan fyrir endurvinnanlegt hráefni og Grátunnan fyrir óendurvinnanlegt almennt sorp. Einnig gefst íbúum kostur á að fara með umframúrgang á grenndarstöðvar eða á gámastöð.

Árið 2022 var allt almennt sorp frá Árborg flutt til orkuvinnslu í Evrópu. Sú aðgerð felur í sér talsverðan umhverfislegan ávinning, bæði þar sem að úrgangurinn er ekki lengur urðaður heldur einnig vegna þess að orkan sem myndast við brennsluna er nýtt þar sem annars yrðu notuð kol og olía. Orkan úr því magni sem safnaðist í Grátunnur við heimili í Árborg dugðu til að sjá 212 meðal heimilum í Danmörku, fyrir orku.

Endurvinnanlega hráefnið úr Blátunnunni kemur við í umstöflun á starfsstöð ÍGF við Hrísmýri á Selfossi og fer svo til frekari flokkunar á höfuðstöðvum ÍGF á Kalksléttu í Reykjavík. Þar fer efnið í gegnum flokkunarlínu og hver flokkur svo baggaður og fer í útflutning til endurvinnslu til Evrópu. Plastumbúðirnar fara til Svíþjóðar, pappírinn og málmarnir til Hollands.

Lífræni eldhúsúrgangurinn hefur verið jarðgerður á starfsstöð ÍGF að Hrísmýri.

Í upphafi hvers árs er gefið út losunardagatal þar sem tilhögun sorphirðunnar í sveitarfélaginu kemur fram. Árborg er skipt í fjögur svæði fyrir losunina, það eru Selfoss, Stokkseyri, Eyrarbakki, og Búgarðabyggð/dreifbýli. Losunardagatal fyrir 2022 má sjá í viðauka I. Losun á öllum tunnum frá heimilum var á þriggja vikna fresti á árinu 2022 á öllum svæðum fyrir utan fjölbýlishús. Í fjölbýlishúsum er almenna sorpið og lífræni eldhúsúrgangurinn losaður þrisvar í mánuði en endurvinnsluefnið í blátunnunni aðra hvora viku.

Sorphirðan á heimilum í Árborg er unnin af alls 5 manns. Við verkið er notaður afturhlaðningsbíll af Man gerð. Sorphólfið aftan á bílnum er tvískipt og því er hægt að losa tvo úrgangsflokka í einu. Gráu og brúnu tunnurnar eru losaðar í sömu ferð, en með því er dregið úr akstri með tilheyrandi eldsneytissparnaði.

Íslenska gámafélagið sér ekki um rekstur gámaplansins hjá sveitarfélaginu en þjónustar gámaplanið og við verkið eru notaðir þeir krókabílar sem eru lausir í verkið hverju sinni.

---

| | |
|---|---|
| Tegund: | Man |
| Undirtegund: | TGS |
| Tegund kassa: | Norba tvöfaldur |
| Fast nr: | LRD 60 |
| Árgerð: | 2020 |
| Stærð kassa: | 21,5m3 |
| KW: | 265 |
| Mengunarstaðall: | Euro6 |



**Mynd 1**. Man tvískiptur afturhlaðningsbíll

## Eknir km við söfnun og flutning til móttökustöðvar

Við hverja sorphreinsun á heimilum Árborgar eru eknir um það bil 480 km. Þar sem Gráa og Brúna tunnan er losuð í sömu ferð eru alls eknir 960 km við losun á tunnunum þremur. Vegna tveggja hólfa bíls sem notaður er í verkið, er vegalengdin um þriðjungi styttri en ef notaður hefði verið bíll með einu hólfi.

Stærsti hluti úrgangsins sem safnað er frá heimilum, stofnunum og gámasvæði Árborgar er fluttur til frekari meðhöndlunar í höfuðstöðva ÍGF í Reykjavík.

Jarðgerð á lífræna eldhúsúrganginum fer fram við starfsstöð fyrirtækisins við Hrísmýri á Selfossi. Þar er honum blandað saman við húsdýraáburð og hreint timburkurl og mokað upp í múga.

Akstur með þá úrgangsflokka sem fluttir voru til Kalksléttu í Reykjavík árið 2022 var alls um 30.440 km.

## Magntölur

### Heimili

Árið 2022 sótti ÍGF  tæp 2.200 tonn af úrgangi frá heimilum í Árborg. Þar af voru 1.200 tonn í Grátunnunni, 482 tonn í Blátunnunni og 516 tonn kg í Brúntunnunni. Í töflu 1 og á mynd 4 má sjá hvernig magnið skiptist yfir mánuði.

**Tafla 1**. Magn úrgangs (kg) frá heimilum í Grátunnu, Blátunnu og Brúntunnu í Árborg 2022 eftir mánuðum.

| | **Grátunna** | **Blátunna** | **Brúntunna** |
|---|---|---|---|
| **Janúar** | 136.320 | 26.600 | 66.280 |
| **Febrúar** | 86.010 | 31.570 | 29.090 |
| **Mars** | 111.950 | 57.790 | 45.300 |
| **Apríl** | 107.410 | 37.350 | 46.830 |
| **Maí** | 69.890 | 48.340 | 30.740 |
| **Júní** | 107.420 | 36.430 | 60.490 |
| **Júlí** | 76.040 | 53.800 | 29.540 |
| **Ágúst** | 128.920 | 32.000 | 56.410 |
| **September** | 75.780 | 46.220 | 26.260 |
| **Október** | 106.430 | 30.540 | 45.360 |
| **Nóvember** | 93.780 | 53.540 | 40.360 |
| **Desember** | 93.660 | 27.940 | 39.780 |
| **Alls** | 1.193.610 | 482.120 | 516.440 |




**Mynd 4.** Magn úrgangs úr öllum þremur tunnum við heimili í Árborg 2022 eftir mánuðum.

Til að meta flokkunarárangur er gott að skoða flokkunarhlutfall og sjá þannig endurvinnsluhlutfall frá heimilum í Árborg. Endurvinnsluhlutfallið er samanlagt hlutfall af innihaldi Blátunnunnar og innihaldi Brúntunnunnar. Árið 2022 var endurvinnsluhlutfallið 46% sem er einu prósentustigi lægra en árið áður.




**Mynd 5.** Flokkunarhlutfall heimila í Árborg 2022

## Stofnanir

Íslenska Gámafélagið þjónustar stofnanir í Árborg  og í II. viðauka má sjá heildarmagntölur hverrar stofnunar fyrir árið 2022.

## Grenndargámar

Grenndargámar eru staðsettir við Sunnulækjaskóla á Selfossi. Gámarnir eru fyrir gler og postulín og blátunnuefni. Árið 2022 var einnig losað almennt sorp á grenndarstöðinni. Heildarmagn þess sem losað var úr gámunum voru 9,7 tonn sem er minnkun um 5,7 tonn á milli ára. Af þessu magni voru tæp 4,7 tonn kg af gleri og postulíni, 4,8 tonn af blátunnuefni og 220 kg af almennu sorpi (sjá töflu 2). Mynd 5 sýnir hlutfall hvers úrgangsflokks á grenndarstöð fyrir sig.

**Tafla 2.** Magn úrgangsflokka í grenndargámum 2022

| Flokkur | Magn (kg) |
|---|---:|
| Alm sorp, hráefni til orkuv | **220** |
| Gler og postulín | 4.660 |
| Blátunnuefni | 4.830 |
| **Samtals** | **9.710** |




**Mynd 6.** Hlutfall flokka í grenndargámum árið 2022

## Heildartölur fyrir safnaðan og fluttan úrgang

Frá heimilum, stofnunum, gámasvæði og grenndargámum í Árborg söfnuðust alls 5.030 tonn af úrgangi árið 2022. Skipting á uppruna úrgangsins kemur fram á töflu 3 hér að neðan.

**Tafla 3.** Heildarmagn úrgangs sem safnað var fyrir Árborg 2022

| Heildarmagn úrgangs frá Árborg | |
|---|---|
| **Uppruni úrgangs** | **Magn (kg)** |
| Heimili | 2.192.170 |
| Gámasvæði | 2.636.819 |
| Stofnanir | 191.500 |
| Grenndargámar | 9.710 |
| Heildarmagn | 5.030.199 |

Mynd 7 sýnir magn stærstu úrgangsflokkana í Árborg árið 2022. Langmest safnast af almennu sorpi, en þar á eftir kemur litað timbur og lífrænn úrgangur. Stærsti hluti úrgangsins er fluttur til Reykjavíkur þaðan sem hann er ýmist fluttur til orkuvinnslu, endurvinnslu eða fer í annan viðeigandi farveg. Lífræni eldhúsúrgangurinn og hluti af hreinu timbri fer til jarðgerðar á Selfossi árið 2022.




**Mynd 7.** Heildarmagn stærstu úrgangsflokkanna frá Árborg 2022.

## Samantekt á innheimtum kostnaði

Sundurliðaða samantekt á innheimtum kostnaði vegna þjónustu Íslenska Gámafélagsins við Árborg 2022 má sjá í viðauka III.

## Yfirlit yfir kvartanir eða ábendingar

Ein ábending var skráð frá heimilum í Árborg á árinu þar sem tunna hafði ekki verið losuð á réttum tíma.

Þegar ábendingar eða kvartanir berast, hvort sem það er með formlegum eða óformlegum hætti, er í öllum tilvikum farið yfir efni þeirra og mistökin leiðrétt fljótt og örugglega. Sé kvörtun eða ábending af völdum mistaka starfsmanna er rætt við þá starfsmenn sem um ræðir hverju sinni til að koma í veg fyrir að mistökin endurtaki sig.

## Yfirlit yfir öryggismál

Eitt slys varð við sorphirðu í Árborg í mars 2022, þar sem starfsmaður rann í hálku og var frá vinnu í tvo daga.

Íslenska gámafélagið er með markvisst vinnuverndarstarf og leitar leiða til að bæta öryggi starfsmanna. Það er gert með því að greina áhættur í vinnuumhverfi, vinna í fyrirbyggjandi aðgerðum og forvörnum og þjálfa og fræða starfsfólk.

Verði starfsmenn fyrir óhappi eða slysi er það skráð, ástæða þess skoðuð vel og gerðar tillögur að úrbótum við verklag ef það á við.

## Yfirlit yfir árangur í gæða- og umhverfismálum í verki.

Íslenska gámafélagið starfar eftir vottuðu gæðastjórnunarkerfi ISO 9001 og umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001.

Stærsti umhverfisþáttur í starfsemi Íslenska gámafélagsins er losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðefnaeldsneyti og er helsta markmið fyrirtækisins að draga úr þeirri losun. Þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðinu er með endurnýjun bíla og tækja. Við kaup á nýjum bílum hafa þeir verið valdir sem hafa hæstan Euro staðal, einnig eru rafmagnstæki valin fram yfir þau sem ganga fyrir eldsneyti, sé þess kostur. Von er á fyrsta gámabílnum sem gengur fyrir rafmagni og stefnt er á fjölgun rafmagnstækja jafnt og þétt næstu árin.

Til að jafna út útblástur gróðurhúsalofttegunda vegna starfseminnar er fyrirtækið í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur um gróðursetningu trjáa. Með útflutningi á almennu sorpi til orkuvinnslu í Evrópu í stað urðunar hefur Íslenska gámafélagið jafnframt stuðlað að minni útblæstri frá urðunarstöðum og samtímis nýtt úrganginn til rafmagnsframleiðslu í stað kola og olíu.

Helstu úrbætur sem Íslenska gámafélagsins fór í á árinu er uppsetning nýrrar flokkunarlínu fyrir endurvinnsluhráefni úr grænu tunnunni. Með nýju línunni hafa afköstin aukist til muna ásamt því að skila hráefni til endurvinnslu í betri gæðum.

## Athugasemdir verktaka

Þau verkefni sem Íslenska Gámafélagið innir af hendi fyrir Árborg hafa að langmestu leyti gengið hnökralaust fyrir sig. Samskipti við starfsmenn Árborgar og íbúa hafa verið góð og mál sem koma upp eru leyst jafnóðum.

Tíðni losana miðað við stærð íláta hentar vel fyrir gráu og brúnu tunnurnar en áfram var unnið að því að finna lausn í fjölbýlishúsum með fjölda losana á blá utunnunni.

Íbúar ganga í langflestum tilvikum vel frá tunnum og er ástand þeirra gott. Þó nokkur fjöldi heimila geymir tunnurnar á stöðum þar sem fara þarf um langan veg til að sækja þær, oft lengra en 15 metra. Í nýjum hverfum eru tunnugeymslur yfirleitt við götuna, sem gerir sorphirðuna aðgengilega og fljótvirka.

## Viðauki I


Sorphirða 2022
Árborg
Selfoss
Stokkseyri
Eyrarbakki
Sveitarfélagið ÁRBORG
janúar
febrúar
mars
apríl
maí
júní
júlí
ágúst
september
október
nóvember
desember
Gráa og brúna tunnan Selfoss/Stokkseyri
Gráa og brúna tunnan Selfoss/Eyrarbakki
Bláa tunna Selfoss /Eyrarbakki
Bláa tunnan Selfoss/Stokkseyri
Bláa tunnan Búgarðabyggð/dreifbýli
Gráa og brúna tunnan Búgarðabyggð/dreifbýli
ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
www.gamafelagid.is
s. 577 5757
igf@igf.is

## Viðauki II

Magn úrgangs frá stofnunum Árborgar 2022.

| | Magn (kg) |
|---|---|
| **Álfheimar, leik** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 3.720 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 6.350 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 1.770 |
| **Álftar.2 deild** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 850 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 1.010 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 560 |
| **Árbær, leikskól** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 5.170 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 5.310 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 1.470 |
| **Bókasafn Eyrarb** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 110 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 40 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 50 |
| **Bókasafn Stokks** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 240 |
| **Frístundaklúbbu** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 490 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 490 |
| **Glaðheimar** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 920 |
| **Grenndarg Sunnu** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 220 |
| 20515 - Gler og postulín | 4.660 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 4.830 |
| **Grunnskóli Eyra** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 940 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 70 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 170 |
| **Hulduheimar lei** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 4.180 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 3.390 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 1.170 |
| **Hundasleppisvæð** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 1.630 |
| **Íþróttahús Stok** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 550 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 110 |

| | |
|---|---|
| **Jötunheimar, le** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 4.440 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 4.770 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 1.760 |
| H5206 - Maíspokinn IGF 30-35 ltr | 35 |
| **Leikskóli Eyrar** | |
| 20502 - Grófur úrgangur | 30 |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 1.180 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 1.030 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 490 |
| **Leikskóli Stokk** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 1.300 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 970 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 560 |
| **Ráðhús** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 2.490 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 1.300 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 1.390 |
| **Reykjavík** | |
| 20567 - Fita | 830 |
| **Samb Vallholti** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 2.770 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 810 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 680 |
| **Samkomuhús Eyra** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 1.080 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 410 |
| **Skólavistun Sól** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 3.030 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 1.950 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 1.080 |
| **Skóli Stokkseyr** | |
| 20502 - Grófur úrgangur | 6.060 |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 3.520 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 1.210 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 1.030 |
| **Sólvallarskóli** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 10.600 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 8.490 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 5.420 |
| H5206 - Maíspokinn IGF 30-35 ltr | 35 |
| **Sundhöll** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 4.310 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 610 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 1.200 |

| | |
|---|---|
| **Sundlaug Stokks** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 960 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 480 |
| **Sunnulækjarskól** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 15.380 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 7.510 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 4.540 |
| **Tjaldsvæði Eyra** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 2.210 |
| **Unglingahús-Pak** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 3.170 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 860 |
| **VISS, vinnu og** | |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 1.570 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 1.580 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 670 |
| **ýmislegt** | |
| 20502 - Grófur úrgangur | 13.450 |
| 20505 - Litað timbur | 400 |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 1.620 |
| 20532 - Dýrahræ | 7.400 |
| 20553 - Ristarúrgangur | 2.000 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 360 |

## Viðauki III

| Innheimtur kostnaður 2022 | |
|---|---|
| **Kostnaðarliður** | |
| 10100 - 240 ltr. plastkar losun | 22.689.698 |
| 10104 - 120 ltr. plastkar losun | 2.597.000 |
| 10110 - 660 ltr. plastkar losun | 3.368.426 |
| 10112 - 660 ltr. plastkar leiga | 172.355 |
| 10118 - 660ltr grænt kar - Leiga | 32.652 |
| 10119 - 660ltr grænt kar - Losun | 5.008.017 |
| 10120 - 1100 ltr. plastkar losun | 1.422.283 |
| 10122 - 1100 ltr. plastkar leiga | 169.019 |
| 10123 - 140ltr. plastkar dagleiga | 1.709 |
| 10125 - 240ltr græn tunna - losun | 25.305.648 |
| 10126 - 140 ltr. plastkar leiga | 69.667 |
| 10127 - 140 ltr. plastkar losun | 37.157.179 |
| 10141 - 1100ltr grænt kar, leiga | 43.709 |
| 10142 - 1100ltr grænt kar, losun | 820.611 |
| 10230 - 6-8 m3 gámur losun | 289.747 |
| 10232 - 6-8 m3 gámur leiga | 182.190 |
| 10300 - Krókgámur losun | 307.124 |
| 10301 - Krókgámur leiga | 3.518.737 |
| 10302 - Krókgámur afhending | 140.219 |
| 10312 - Krókgámur dagleiga | 212.949 |
| 10313 - Pressugámur leiga | 1.402.819 |
| 10430 - Geymslugámur leiga | 175.352 |
| 10604 - Þurrsalerni, akstur, leiga og hreinsun | 370.000 |
| 10903 - Þrif á tunnu | 2.934 |
| 10905 - Þrif á kari | 4.479 |
| 10990 - Node Grenndarstöð - Flokkunarstöð | 158.344 |
| 10991 - Losun á Node grenndarstöð | 1.567.226 |
| 20502 - Grófur úrgangur | 21.566.981 |
| 20504 - Hreint timbur | 3.930.027 |
| 20505 - Litað timbur | 15.762.334 |
| 20506 - Almennt sorp, hráefni til orkuvinnslu | 67.414.093 |
| 20507 - Dagblöð og tímarit | 513.383 |
| 20509 - Hjólbarðar til endurvinnslu | 194.929 |
| 20512 - Málmar til endurvinnslu | 1.624.478 |
| 20513 - Lífrænn úrgangur í jarðgerð | 1.197.798 |
| 20515 - Gler og postulín | 2.943.784 |
| 20520 - Bylgjupappi til endurvinnslu | 123.270 |
| 20527 - Plast til orkuvinnslu | 171.393 |
| 20532 - Dýrahræ | 749.352 |
| 20548 - Óflokkaður úrgangur | 4.007.336 |
| 20553 - Ristarúrgangur | 37.000 |
| 20567 - Fita | 24.734 |

| | |
|---|---|
| 20569 - Matarolía, sjálfbær | 79.668 |
| 20570 - Grænt efni til endurvinnslu | 543.831 |
| 20580 - Heyrúlluplast | 96.890 |
| 20600 - Olíumálning | 98.318 |
| 20601 - Leysiefni | 11.789 |
| 20602 - Kítti og sparsl | 56.618 |
| 20603 - Ryðvarnarolía og smurfeiti | 1.314 |
| 20604 - Úrgangsolía í smáílátum | 127.232 |
| 20607 - Vatnsmálning | 193.451 |
| 20609 - Olíusíur ópressaðar | 1.319 |
| 20613 - Olíumengaður úrgangur, ódælanlegur | 1.185 |
| 20617 - Tónerhylki | 3.864 |
| 20619 - Rafhlöður | 59.368 |
| 20620 - Rafgeymar | 371.536 |
| 20626 - Sóttmengað | 824 |
| 20630 - Önnur spilliefni | 2.203 |
| 20635 - Slökkvitæki | 29.312 |
| 20640 - Skothylki | 17 |
| 20641 - Sýrur og basar | 528 |
| 20644 - Útrýmingarefni | 827 |
| 20647 - Önnur efni til Efnamóttöku | 3.627 |
| 20650 - Flugeldar | 1.579 |
| 20651 - Mengaður vökvi í kari | 2.504 |
| 20800 - Ísskápar | 28.508 |
| 20801 - Skjáir | 8.646 |
| 20802 - Perur | 18.398 |
| 20803 - Stór raftæki | 65.046 |
| 20804 - Lítil raftæki | 32.072 |
| 20805 - Lítil samskiptatæki | 415 |
| 40890 - Afhending á tunnu / kari | 10.297 |
| 40903 - Sendibílaferð | 17.539 |
| 40904 - Akstur, kar/tunna fjarlægt | 15.589 |
| 40909 - Vinna við kurlun | 1.610.865 |
| 40911 - Vélaflutningur | 158.745 |
| 50331 - Tímavinna, útseld | 346.682 |
| 90902 - Ráðgjöf og fræðsla | 45.000 |
| 90911 - Vinna við skýrslugerð | 1.209.677 |
| H1001 - Fenúr merkingar | 766.100 |
| H1021 - Mattiussi 25 ltr Minimax | 29.032 |
| H1029 - Flokkunarílát 3fl burstað stál. (65x41x58) | 33.056 |
| H1902001 - Slim Jim 90L/24G FS Metal Step | 49.140 |
| H2226 - Plastpokar 320x560x1100 (200 á rúllu) | 54.450 |
| H2231 - Heimilispokar f. 3 flokka ílát | 20.160 |
| H240-TU-GRÁ-DECEM - CB 240L AT/AT / Butterfly Lid / 200 mm wheels / Div wall | 9.935 |
| H5206 - Maíspokinn IGF 30-35 ltr | 38.500 |
| **Alls** | **233.706.639** |

# Viðauki VI

## Umhverfisstefna

Starfsmenn eru meðvitaðir um umhverfisáhrif fyrirtækisins og hafa kunnáttu, færni og metnað til að draga skipulega úr áhrifum þýðingarmestu umhverfisþáttanna, sem eru:

- Eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda
- Efnanotkun og meðhöndlun spilliefna
- Almennur úrgangur

Þetta gerum við með því að:

- Starfa samkvæmt vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi ISO 14001
- Leita sífellt leiða til að gera betur í starfseminni
- Finna og þróa lausnir sem bæta árangur í umhverfismálum

## Gæðastefna

Það er markmið Íslenska Gámafélagsins að uppfylla ávallt kröfur og væntingar viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila.

Það gerum við með því að:

- Starfa eftir vottuðu gæðastjórnunarkerfi ISO 9001
- Mæla ánægju viðskiptavina og hagsmunaaðila á reglubundinn hátt
- Vinnum að stöðugri þróun á þjónustu í takt við þarfir viðskiptavina
- Tryggja stöðugar umbætur á vörugæðum